

REGLUGERÐ

um staðalíbúðir.

1. gr.

Staðalíbúð er hugtak, sem notað er til þess að ákvarða fjárhæðir lána úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna skv. l. nr. 60/1984, sbr. rgl. nr. 88/1985, nr. 89/1985 og þessa reglugerð.

2. gr.

Húsnæðisstofnun ríkisins og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins skulu gera ítarlega áætlun um byggingarkostnað þriggja flokka staðalíbúða, sem miðast við rýmisþörf eftirtalinnna fjölskyldustærða:

- 1) Staðall I: Gildir fyrir einstakling.
- 2) Staðall II: 2—4 manna fjölskylda.
- 3) Staðall III: 5 manna fjölskylda og stærri.

Við útreikning á stærðum íbúða innan hvers staðals, skal fara eftir íslenskum staðli um það efni.

Fjölskylda teljast foreldrar og börn þeirra undir 18 ára aldri nema sýnt sé fram á að fleiri séu innan sömu fjölskyldu. Heimilt er að taka sérstakt tillit til þess ef fyrirhugað er að taka inn á heimili umsækjanda aldrafólk, sem ekki getur séð um sig sjálft, og verður í umsjá umsækjanda.

3. gr.

Við gerð áætlana um byggingarkostnað staðalíbúða skal miða við fullgerða íbúð að öllu leyti með frágenginni lóð, en án bílskúrs eða bílskýlis. Miða skal við að staðalíbúðir séu vandaðar að öllu frágangi, búnar venjulegum tækjum til heimilishalds og uppfylli kröfur byggingarreglugerða að öllu leyti, sbr. 5. gr.

4. gr.

Byggingarkostnað staðalíbúða skal endurreikna ársfjórðungslega samkvæmt kostnaðargreiningarkerfi Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins.

Við ákvörðun á lánsfjárhæð skal miða byggingarkostnað þess ársfjórðungs þegar fokheldisstigi er náð, sbr. 2. mgr. 7. gr. rgl. nr. 88/1985, um Byggingarsjód ríkisins.

5. gr.

Til grundvallar útreikninga á byggingarkostnaði staðalíbúða, skal leggja verk- og efnislýsingu Húsnæðisstofnunar ríkisins frá nóvember 1980, og skýrslu Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins um kostnaðargrundvöll staðalíbúða frá janúar 1981.

6. gr.

Húsnæðisstofnun ríkisins skal endurskoða staðal skv. 2. gr. og viðmiðunarreglur um rýmisþörf í samræmi við breyttar þarfir og kröfur til húsrýmis. Skal í samræmi við það gera nýja lýsingu sbr. 5. gr. og fela síðan Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins að endurreikna byggingarkostnað staðalíbúðar sbr. 4. gr.

7. gr.

Ráðherra ákveður hámarksfjárhæðir lána, samkvæmt tillögum húsnæðismálastjórnar. Skulu lánin vera ákveðið hlutfall af byggingarkostnaði staðalíbúða, sbr. 31. og 32. gr. l. nr. 60/1984. Hámarkslán til hvers umsækjanda fer eftir fjölskyldustærð sbr. 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 33. gr. laga nr. 60 1. júní 1984, tekur gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 7. febrúar 1985.

Alexander Stefánsson.

Hallgrímur Dalberg.